

Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 8. bekkur
Skólaárið 2018 – 2019



Kennari: Hildur Hauksdóttir
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|--|---|--|---|
| <p>Samfélagsfræði. Reynsluheimur: Umhverfi, samfélag, saga, menning: hæfni nemanda til að skilja veruleikann</p> | <p>Nemandi geti:</p> <p>Rökrætt mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningar og samfélagsmálefni</p> <p>Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður</p> <p>Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði</p> <p>Greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum</p> | <p>Kennsla fer aðallega fram í formi fyrirlestra, útskýringa á námsefninu og umræðna í kennslustundum.</p> <p>Kennari og nemendur fara saman yfir helstu atriði í námsefninu og skiptast á skoðunum um það. Nemendur vinna nokkur verkefni yfir veturinn. Nemendur þurfa einnig að halda til haga vinnubók þar sem skrifleg verkefni eru unnin skila henni eftir því sem verkefnin krefjast.</p> | <p>Símat þar sem skrifleg verkefni eru unnin eftir því sem náminu vindur fram. Könnun eftir hvern kafla. Ástundun og iðni einnig metin.</p> |

| | | | |
|--|--|--|--|
| | <p>Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun</p> <p>Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</p> | | |
| | <p>Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.</p> <p>Útskýrt hvernig sagan hefur mótast af umhverfisáhrifum, samfélagsskipulagi, viljaverkum og tilviljunum.</p> <p>Gert sér grein fyrir hvernig sagan birtist í textum, munum, hefðum og minningum.</p> <p>Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf</p> | | |

| | | | |
|--|---|--|--|
| | Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars | | |
| FÉLAGSHEIMUR Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra | Nemandi geti: Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhóli | | |
| <p>Námsgögn: Um víða veröld- jörðin Sögueyjan 1 og 2 Gögn frá kennara</p> | | | |
| <p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.</p> | | | |